

## Merkileg grein um merkilegt mál



Dr. phil. Helgi Péturss

### I.

Í síðasta hefti tímaritsins „Dvöl“ sl. ár, er grein eftir Borgfirðinginn Þorstein Jónsson frá Úlfstöðum, sem mjög er þess verð, að vakin sé eftirtekt á henni. Vissi ég áður, að P. J. er með gáfuðustu skáldum íslenzkum, sem nú eru uppi, en ekkert hefir þó gert mér það eins ljóst og þessi grein hans í „Dvöl“. Hún er um drauma. P. J. hefir gert það, sem enginn gerir nema sá, sem vitur er, en það er að láta það, sem hann hafði lesið eftir mig um eðli drauma, verða til þess, að hann fór sjálfur að at-

huga þetta efni, og segir hann þarna í greininni á aðdánlegan hátt frá nokkrum af þessum athugunum sínum. Hjn algenga trú er, að endurminningar vorar úr vöku skapi draumana, en Þorsteinn hefir gert sér fullkomlega ljóst, hvílikt ósamræmi er milli vökuminninganna og þess, sem fyrir oss ber í draumi, og að hið rétta er, að draumsýnirnar hafa með sér endurminningar, sem alls ekki eru til í vökulífi voru. En þetta er mjög þýðingarmikið at-riði til að glöggva sig á sambandseðli draumlífsins. En þó verður ennþá auðveldara að skilja þetta, þegar vér veitum því eftirtekt, að það, sem er fyrir augunum á einhverjum öðrum, verður að draumsýn vorri. Þorsteinn segir frá fróðlegu dæmi slíks, af eigin athugun, og eins hefir hann dreymt, að hann sæi sjálfan sig í spegli, en það var þó í raun réttir annar maður, sem hann sá. Artemidór, hinn ágæti höfundur draumafræði (Oneirokritikon), sem er meira en 1700 ára gömul, segir frá þesskonar athugunum, en hefir að vísu ekki skilið þær, svo einkar góð hjálp sem þær þó eru til þess að geta gengið alveg úr skugga um, að kenningin um draumgjafann er rétt. Til eru

áreiðanlegar draumsögur, sem sýna, að sofandi mann getur dreymt, og það mjög ljóslega, að hann verði fyrir því, sem í raun réttir kemur fyrir einhvern annan. Einfalt og óbyggjandi dæmi er það, er kunnur Kaupmannahafnarbúi verður fyrir því slysi í dýragarðinum þar snemma morguns, að hvítabjörn bítur hann, en á sömu stundu dreymir vin hans, sem lá og svaf í húsi sínu ekki langt þaðan, einmitt það sama sem hinn lifði. (Tidskr. f. psykisk Forskning, Kbh. 1906, s. 14). Athuganir af þessu tagi eru svo margar og ótvíræðar, að þar getur ekki verið neitt um að villast, og það er óhætt að segja, að ekki getur verið um skilning á eðli drauma að ræða, fyrr en slíkar athuganir eru rétt metnar.

## II.

Það mun sannast, að um mikilvægi þess, að menn skilji rétt þýðingu draumlífsins, hefi ég ekkert ofsagt. — Dáist ég mjög að því, hve vel skáldið borgfirzka hefir látið sér þetta skiljast. — Svo oft dreymir oss það, sem ekki er til og ekki á sér stað á jörðu vorri, að sú ályktun verður alveg óumflýjanleg, eða með öðrum orðum, vér getum haft alveg fulla vissu fyrir því, að samband á sér stað milli vor og þeirra, sem aðrar jarðstjörnur byggja. Lífið á stjörnunum er vísindalega uppgötvað, og vér

þurfum ekki framar í þeim efnum að una við ágizkanir einar. Vér getum ennfremur gengið úr skugga um það, að draumheimur vor er það, sem nefnt hefir verið annar heimur, andaheimur og dánarheimur, og er því máli enn til stuðnings sá fróðleikur, sem vér fáum fyrir miðils munn. Er um þetta efni hefi ég allmikið ritað hér og hvar og mun þó meira síðar. Og er ekki stórkostlegt til þess að hugsa, að draumlífið má rækta svo, að vér getum notað tímann, sem vér sofum, til samfunda við látna ástvini vora og aðra, og til þess að bæta vit vor og fræðast stórlega. En til þess að þetta geti orðið, þarf að vísu hugarfarið að lagast stórmikið og það þarf að þekkja stillilög málið (Law of Determinants) og kunna að færa sér þá þekkingu í nyt. Virðist ekki ólíklegt, að í þeim efnum gæti íslenzka þjóðin, þótt smá sé, orðið á undan öðru fólki jarðar. Mun og með fram að því lúta spá þessa guðinnblásna manns, A. Rutherfordsson um ljós það, sem frá Íslandi mun skína öllu mannkyni jarðar vorrar. Væri betur, að hinn mikli spámaður og Íslandsvinur hefði rétt fyrir sér um ljós það, að ljósi því muni takast að vinna bug á myrkrinu, því að öðrum kosti er glötunin vís.

9. jan. 1938.

Helgi Pjetursson